

**308. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Klöpp,  
mánudaginn 16. september 2024 og hófst hann kl. 16:45.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Lárus Ársælsson umhverfisstjóri og Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Anna Berta Heimisdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 2408249 - Viðhald fasteigna 2024**

Vettvangsskoðun skipulags- og umhverfisráðs og bæjarfulltrúa á verkstað í Brekkubæjarskóla og í íþróttahúsið á Vesturgötu.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar fyrir góða skoðunarferð um svæðið.*

**2. 2205146 - Samfélagsmiðstöðin Dalbraut 8 - uppbygging- framkvæmd verkefnisins**

Kynning á stöðu mála varðandi samfélagsstöð á Dalbraut 8.

Kristján Garðarsson og Hjörtur Hannesson frá Andrúm koma og fara yfir hönnun á Dalbraut 8.

Kristinn Sveinsson og Hildigunnur Árnadóttir koma fyrir hönd starfshópsins og fara yfir vinnu hans.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar fyrir góða kynningu.*

*Gestir víkja af fundi.*

**3. 2207011 - Deiliskipulag Dalbrautarreitir norðurhluta**

Skipulagsfulltrúi leggur fram tillögu að breytingu á deiliskipulagi ásamt greinargerð fyrir Dalbrautarreit norðurhluta.

*Skipulags- og umhverfisráð felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.*

**4. 2405016 - Ægisbraut 1-7 - skipulag lóðar**

Lóðarhafar Ægisbrautar 1-7 óska eftir að hefja formlegt deiliskipulagsferli fyrir lóðirnar sbr. meðfylgjandi deiliskipulagsdrög sem þeir kynntu fyrir bæjarstjórn og skipulags- og umhverfisráði í maí sl.

*Skipulags- og umhverfisráð felur skipulagsfulltrúa að stilla upp verkefna- og kostnaðaráætlun fyrir endurskoðun á deiliskipulagi fyrir Ægisbraut.*

**5. 2409134 - gangstéttir í botnlangagötum í jörundarholti**

Fyrirspurn íbúa í Jörundarholti um að fella niður gangstétt í botnlanga í jörundarholti 124-142 og heimila þar bílastæði.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að bílastæði verði skilgreind í götunni og einungis heimilt að leggja öðru megin. Skipulagsfulltrúa og umhverfisstjóra falið*



*að útbúa nánari útfærslu.*

- 6. 2408106 - Umferðaröryggi við skóla og íþróttamannvirki**  
Umfjöllun um umferðaröryggi við skóla- og íþróttamannvirki.  
*Skipulags- og umhverfisráð felur umhverfisstjóra að kanna með uppfærslu á umferðaröryggisáætlun.*
- 7. 2403177 - Vinnuskólinn 2024**  
Skýrsla vinnuskóla Akraness 2024 lögð fram ásamt minnisblaði.  
*Garðyrkjustjóri kynnti starfsemi vinnuskólans fyrir sumarið 2024.*
- 8. 2401301 - Garðyrkjustjóri 2024**  
Yfirlit yfir verkefni ársins 2024 hjá garðyrkjustjóra ásamt minnisblaði.  
*Skipulags- og umhverfisráð þakkar fyrir góða kynningu á verkefnum garðyrkjustjóra 2024.*
- 9. 2209259 - Stefnumótun Akraneskaupstaðar**  
Umfjöllun um stefnumótun Akraneskaupstaðar.  
*Skipulags- og umhverfisráð frestar málinu til næsta fundar.*
- 10. 2409132 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2025-2034**  
Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2025 (2026 - 2034). Bæjarráð vísar áætluninni til skipulags- og umhverfisráðs og óskar þess að ráðið setji fram sína forgangsröðun m.a. miðað við framgang verkefna á árinu 2024. Jafnframt meti skipulags- og umhverfisráð þörfina fyrir viðauka og setji þá fram formlegt erindi þar að lútandi.  
*Skipulags- og umhverfisráð frestar málinu til næsta fundar.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 23:00.**

*Guðrún Eiríksdóttir*

*Sævar Álexia Sigurmundsdóttir*

*Anna Sveinbjörnsdóttir*